

Alþingi
Erindi nr. D 139/456
komudagur 29. 11. 2010



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. nóvember 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, 187. mál

Frumvarpið er lagt fram í kjölfar ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), dags. 8. júlí 2009, í tengslum við rannsókn stofnunarinnar á fyrirkomulegi eigendaábyrgða Landsvirkjunar og Orkuveitu Reykjavíkur.

Niðurstaða rannsóknar ESA var sú að hin ótakmarkaða eigendaábyrgð sem Landsvirkjun og Orkuveita Reykjavíkur njóta í gegnum eigendur fyrirtækjanna sé ekki að fullu í samræmi við ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð. Hins vegar lítur ESA svo á að heimilt sé að veita eigendaábyrgð vegna lána viðkomandi fyrirtækja að því gefnu að greitt sé hæfilegt ábyrgðargjald fyrir. Gjaldið svari að fullu til þeirrar ívilnunar sem viðkomandi aðili nýtur á grunni eigendaábyrgðar í formi hagstæðari lánskjara umfram þau kjör sem almennt bjóðast á markaði án slíkrar ábyrgðar.

Samtök atvinnulífsins gera ekki athugasemdir við efni frumvarpsins, enda verði ábyrgðargjaldið ákveðið á grundvelli mats óháðs aðila á lánskjörum með og án ríkisábyrgðar.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins